

Bláskógabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 18. desember 2024
UST202412-124/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 vegna flokkun landbúnaðarlands og votlendis.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 vegna flokkun landbúnaðarlands og votlendis.

Í greinargerð kemur fram að við grunnflokkun landbúnaðarlands er lögð áhersla á að flokka land sem nýtist til ræktunar á matvælum og fóðri og er það gert í ljósi markmiða sem sett eru fram í jarðalögum nr. 81/2004 og sjónarmiðum um fæðuöryggi. Flokkuninni er ætlað að nýtast sveitarfélögum sem forsendur við skipulagsákvæðanir um landnotkun við gerð aðalskipulags.

Samhliða grunnflokkun landbúnaðarlands var unnin kortlagning á votlendi í Bláskógabyggð með það að markmiði að fá nákvæmari gögn um útbreiðslu þeirra. Aðferðafræði við flokkun votlendissvæða hefur minna verið þróuð en beitt er nokkuð sambærilegum aðferðum og við grunnflokkun landbúnaðarlands. Hverfisvernd er ákvæði sem sveitarstjórn setur um tiltekin svæði við gerð skipulagsáætlunar, án þess að til friðunar komi skv. öðrum lögum. Votlendissvæði hafa margvíslegt gildi, t.a.m. næringarfræðilegt gildi þar sem mýrar geyma verulegt magn kolefna, vistfræðilegt gildi sem mikilvægt búsvæði fugla og plantna og vatnsfræðilegt gildi þar sem þau viðhalda jöfnu rennsli í ám og lækjum. Byggt á kortlagningunni, ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum um votlendissvæði, verður sett fram tillaga að hverfisvernd nokkurra votlendissvæða til viðbótar við þau sem nú þegar eru í gildandi aðalskipulagi.

Votlendi

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið leggi til hverfisverndarsvæði fyrir votlendissvæði í aðalskipulaginu sínu.

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun Íslands hefur kortlagt/skilgreint¹ votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur. Fjallað er um þess a skilgreiningu í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru svæði á náttúruminjaskrá, skilgreindar sem aðrar náttúruminjar, þar sem verndargildi þeirra er m.a. votlendi. Þetta eru m.a. svæðin Hvítárvatn og Hvítárnes, Laugarvatn, Höfðaflatir, Hrosshagavík og Skálholtstunga og Mosar.

Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að NÍ setti fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár á sínum tíma út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Þar má nefna Laugarvatn-Apavatn-Brúará² og Höfðaflatir³ svæði þar sem verndargildi þeirra er m.a. votlendi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/laugarvatn-apavatn-bruara>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/hofdaflatir>